

## 9.2 Innheimtugjald.

Innheimtugjald vegna vanskila ..... 300,00

## 9.3 Lokunargjald.

Lokunargjald vegna vanskila ..... 1.980,00

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 4.000,00 kr/m vegna skurð-graftar. Ef frost er í jörðu bætist við 1.200,00 kr/m.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

*Skammstafanir:*

| <i>Tákn</i> | <i>Eining</i> | <i>Skýring</i> |
|-------------|---------------|----------------|
| A           | amper         | straumur       |
| kW          | kílówatt      | afl            |
| kWh         | kílówattstund | orka           |

10. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi, A- og B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 434 4. júlí 1997.

*Iðnaðarráðuneytinu, 9. janúar 1998.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarmann.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 751/1997, um greiðslu barnabóta á árinu 1998.**

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

*Fjárhæð barnabóta.*

Óskertar barnabætur skulu árlega nema 102.436 kr. með fyrsta barni en 121.932 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en fjárhæðir skv. 1. mgr.

Óskertar barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 170.614 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 175.014 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé barnið yngra en 7 ára.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. janúar 1998.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Ragnheiður Snorradóttir.*